

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 2001

5. janúar 2001

113

Nr. 74

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Grænás-Njarðvíkurfitjar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. janúar 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar frá 28. mars 1996.

Um er að ræða breytingar á umferðarkerfi og afmörkun landnotkunarreita á Grænás-svæði-Njarðvíkurfitjum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 5. janúar 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

24. janúar 2001

Nr. 75

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.

1. gr.

D-liður 5. gr. orðast svo:

Bein og annar úrgangur frá kjötvinnslum.

2. gr.

8. gr. orðast svo:

Afurðir úr kjötmjölsverksmiðjum þar sem unnið er úr hættulegum úrgangi má aldrei nota í fóður fyrir dýr.

Afurðir úr kjötmjölsverksmiðju þar sem unnið er eingöngu úr hættulitlum úrgangi má nota í fóður fyrir gæludýr og loðdýr en ekki fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis. Umbúðir þeirra afurða skal greinilega merkja með eftirfarandi áletrun: „Þetta fóður inniheldur dýraafurðir – óheimilt er að gefa það dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.“